

**131. löggjafarþing 2004 – 2005.**  
**Þskj. 389 – 345. mál.**

### **Fyrirspurn**

til heilbrigðismálaráðherra um þingsályktun um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

### **Munnlegt svar**

Virðulegi forseti!

Háttvirtur níundi þingmaður suðurkjördæmis Magnús Þór Hafsteinsson spyr hvernig ríkisstjórnin hyggist framfylgja þingsályktun um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum sem samþykkt var á 130. löggjafarþingi?

Umrædd ályktun var samþykkt sl. vor frá Alþingi með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins um heilbrigðismál frá árinu 2003. Í þingsályktuninni er ríkisstjórninni falið, í samstarfi við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að vinna að aukinni samvinnu í heilbrigðismálum á Vestur-Norðurlöndum og leita leiða til að löndin geti samnýtt krafta sína. Heilbrigðisyfirvöldum var jafnframt falið að gera reglulega grein fyrir samstarfinu og þeim verkefnum sem sameiginlega yrði ráðist í.

Ísland hefur ásamt Færeyjum og Grænlandi um árabil tekið þátt í sameiginlegum verkefnum á sviði fjárlækninga. Má þar nefna verkefni á vegum Norðurskautsráðsins og verkefni í tengslum við Norrænu ráðstefnuna um fjárlækningar sem haldin er annað hvert ár.

Undanfarin ár hafa Íslendingar, Færeyingar og Grænlandingar ásamt aðilum í Norður-Noregi tekið þátt í fjárlækningaverkefni sem miðar að því að þróa heilbrigðisþjónustu fyrir sjófarendur á Norður-Atlantshafi. Þessu verkefni lauk fyrr á þessu ári og var það styrkt af NORA eða Norrænu Atlantsnefndinni, sem er stofnun á sviði byggðamála á norðvestursvæði Norðurlanda. Á lokafundi verkefnisins sem haldinn var í Færeyjum á sl. sumri var lagt til að áfram verði unnið að þessari þróun, með áherslu á skipulag nauðsynlegrar þjónustu í landi og fræðslu fyrir sjómenn.

Í framhaldi af fundi Vestnorræna ráðsins sumarið 2003 var, í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Osló í lok október sama ár, haldinn fundur ráðherra og embættismanna landanna. Þar var rætt um að kannaðir yrðu möguleikar á því að gera samning um að Íslendingar tækju við sjúklingum frá Færeyjum í hjartaaðgerðir og í framhaldi af því var Landspítala – háskólasjúkrahúsi falið að upplýsa Færeyinga um kostnaðarhlið málsins og gæði þjónustunnar. Það kom í ljós í framhaldi af þessum samskiptum að ekki var talinn grundvöllur fyrir því af hálfu Færeyinga að taka upp samstarf á þessu sviði.

Á árinu 1997 var gerður samningur milli Grænlands og Íslands um að Íslendingar skyldu sinna bráðatilfellum frá Grænlandi. Landspítali – háskólasjúkrahús hefur tekið á móti sjúklingum frá Grænlandi undanfarin ár en þó í minna mæli en upphaflega var gert ráð fyrir.

Í bréfi frá grænenskum heilbrigðisyfirvöldum til heilbrigðismála-ráðuneytisins, sem barst á sl. ári, var m.a. óskað eftir fundi til að ræða aukið samstarf á sviði heilbrigðisþjónustu landanna og fara yfir hvernig samningurinn hefði reynst. Tók heilbrigðisráðuneytið vel í þessa málaleitan. Fyrirhugaður fundur um málið, sem vera átti sl. sumar á Íslandi, féll hins vegar niður, þar sem grænenski heilbrigðisráðherrann og embættismenn hans áttu ekki heimangengt. Heilbrigðisráðuneytið skipulagði síðan 2ja daga heimsókn fyrir ráðherrann og ráðuneytisstjórnann í byrjun janúar sl., en honum var frestað á síðustu stundu vegna slæmra veðurskilyrða á Grænlandi. Nú hefur verið ákveðið að ráðherrann og ráðuneytisstjórninn komi til Íslands þann 16. febrúar nk. og hefur dagskrá með fundum og heimsóknum á stofnanir verið skipulögð dagana 17. og 18. febrúar.

Virðulegi forseti!

Í framhaldi af formlegum sem óformlegum viðræðum, sem farið hafa fram milli embættismanna þjóðanna og þeirra sem stýra málaflokknum í löndunum, hefur heilbrigðisráðuneytið nú í hyggju að kanna betur möguleika á víðtækara samstarfi í heilbrigðismálum. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að

nauðsynlegt sé að kortleggja vandlega hvort raunverulegar forsendur séu fyrir frekari samvinnu á þessu sviði áður en lengra er haldið.

Næsti sameiginlegi fundur norrænu heilbrigðismálaráðherranna verður einmitt haldinn í Færeyjum næsta sumar, og í tengslum við þann fund hyggst ég beita mér fyrir sérstökum fundi þeirra sem stýra heilbrigðismálum hér á vestanverðum Norðurlöndum, í því skyni að fá samstöðu um framkvæmd könnunar í samræmi við ályktun Alþingis og tilmæli Vestnorræna ráðsins.

**(Talað orð gildir)**